

tilgreindri upphæð; bréfið er hvorki loforð, skuldbindingarskjal né skuldabréf. Skýrslu stefnda um að upphæðin sé af vangá rituð rangt í bréfinu þykir eiga að taka til greina eftir öllum málavöxtum, og verður hér umrædd krafa áfryjanda um uppfærslu fiskverðsins um 737 kr. 70 aur. eigi tekin til greina.

Samkvæmt því, sem að framan er sagt, verður að staðfesta bæjarþingsdóminn, einnig málskostnaðarákvæði hans. Eftir þessum úrslitum þykir rétt að áfryjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi með 30 krónum.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Áfryjandi Þórður J. Thoroddsen bankagjaldkeri greiði stefnda Kristjáni Þorgrímssyni kaupmanni f. h. H. P. Duus-verzlunar í Keflavík málskostnað fyrir yfirdómi með 30 krónum.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 12/1907:

J. Gunnarsson og S. Jóhannesson
 gegn
 Árna Á. Þorkelssyni.

Dómur :

Áfryjendurnir, kaupmennirnir J. Gunnarsson og S. Jóhannesson á Akureyri töldu til skuldar hjá hinum

stefnda Árna bónda Þorkelssyni á Geitaskarði fyrir 20 tonn af sementi, er þeir sendu til Blönduóss í ágúst-mánuði 1905, og reiknuðu þeir verð sementsins að viðbættum kostnaði 152 kr. 96 aur. Með því að stefndi eigi greiddi upphæð þessa, höfðuðu áfrýjendurnir mál gegn honum fyrir gestarétti Húnavatnssýslu til þess að ná skuldinni, og var málinu ráðið til lykta með dómi nefnds réttar, upp kveðnum 20. nóvbr. f. ár á þá leið, að stefndi var sýknaður í málinu og málskostnaður látinn falla niður. Þessum dómi hafa kaupmennirnir J. Gunnarsson og S. Jóhannesson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 19. marz þ. á. og krafist þess, að dómurinn verði úr gildi feldur og honum breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendum hina umstefndu upphæð 152 kr. 96 aur., og málskostnað fyrir báðum réttum, eftir mati yfirdómsins. Af hálfu stefnda, Árna bónda Á. Þorkelssonar, hefir enginn mætt í málinu fyrir yfirdóminum, þótt löglega sé stefndur, og verður því að dæma það eftir skýrslum þeim og gögnum, sem fram eru lögð af hálfu áfrýjanda, sbr. N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Áfrýjendur hafa skýrt frá því, kröfu sinni til stuðnings, að stefndi hafi sumarið 1905 ráðgert að byggja hús á ábylisjörð sinni og að það hafi komið til tals milli þeirra, að áfrýjendurnir tækju að sér að koma húsinu upp; sérstaklega hafi stefndi þá beðið áfrýjendur að senda sér sement til Blönduóss og samkvæmt þeirri beiðni hafi þeir sent áður nefndar 20 tonn sements; en annars hafi ekkert orðið úr hinni ráðgerðu húsbyggingu. Á hinn bóginn hefir stefndi neitað því afdráttarlaust og ítarlega, að hann hafi beðið áfrýjendur að senda sér

sementið; hann segir ennfremur að sementið hafi eigi verið sent til sín og að hann hafi aldrei veitt því mótöku; hann hafi að eins komið því í geymslu, til þess að það ekki glataðist eða ónýttist, þegar hann fekk vitneskju um að það var komið til Blönduóss og hafði fengið vísbending frá áfrýjendum um, að þeir ætluðu honum það; hafi hann komið sementinu í geymslu á kostnað og ábyrgð áfrýjenda, og látið þá tafarlaust fá vitneskju um það. Gegn þessari ítarlegu reitun stefnda hefir áfrýjendunum eigi tekist að sanna að hann hafi beðið þá að senda sér sementið né að hann hafi keypt það, né heldur að afskifti hans af því á Blönduósi, eftir að það var komið þangað vestur, hafi verið svo löguð, að það hlyti að skoðast sem hans eign, eða yfirleitt öðruvísi, en stefndi sjálfur hefir frá skýrt. Stefndi verður því ekki dæmdur til að greiða hina umstefndu upphæð, og verður að staðfesta gestaréttardóminn, bæði að aðalefni hans og málskostnaðarákvæðið. Fyrir yfirdómi verður málskostnaður að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 9. septembermánaðar.

Nr. 27/1907:

Hið opinbera

gegn

Ásgeiri Ingimar Ásgeirssyni.

D ó m u r:

Með dómi lögregluréttar Ísafjarðarsýslu, uppkveðnum um 13. apríl þ. á., var hinn kærði Ásgeir Ingimar